


# Sveitarfélögin:

Betur má ef duga skal

Viðauki



Efnahagsvið Samtaka atvinnulífsins - 9. maí 2018

 @atvinnulifid

 @atvinnulifid



## Hvaða sveitarfélög standa sig best?

Nú þegar kosningar til sveitarstjórna eru á næsta leyti hafa Samtök atvinnulífsins tekið saman nokkra mælikvarða með það að augnamiði að bera saman rekstrarframmistöðu stærstu sveitarfélaga á Íslandi. Eðli máls samkvæmt er mikil fylgni milli góðs rekstrar sveitarfélaga og góðrar þjónustu við íbúa. Því betri sem grunnrekstur hvers sveitarfélags er því meira svigrúm hefur hann til að bæta þjónustu við íbúa og minnka á þá álögur.











Valin voru þau **12 sveitarfélög** sem hafa **4 þúsund íbúa eða fleiri** og þeim gefin stig fyrir innbyrðis stöðu þeirra eftir hverri kennitölu. Þegar stigunum hefur verið safnað birtist eins konar **stöðutafla yfir rekstrarframmistöðu** þeirra í heild. Deila má um val á kennitölum sem liggja þar til grundvallar og er þessi samantekt **enginn lokadómur** yfir frammistöðu sveitastjórna. Að því sögðu ætti samanburðurinn þó að **gefa ágætis mynd** af því hvar reksturinn er **stöndugastur** og eins hvar helst pottur er brotinn.

Í samanburðinum eru kennitölur oft tengdar og geta einkunnir þeirra því verið keimlíkar. Var leitast við að láta fjölda tengdra mælikvarða endurspegla mikilvægi þeirra stærða sem þeir byggja á, eru t.a.m. fleiri mælikvarðar varðandi skuldastöðu sveitarfélaga en þróun útgjalda svo dæmi sé tekið.

Stuðst var við upplýsingar um ársreikninga og fjárhagsáætlanir sveitarfélaga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga ([www.samband.is](http://www.samband.is)).


# Samanburður á fjárhagsstöðu sveitarfélaga

Röðun út frá fjárhagslegum kennitölum sveitarfélaga

	Eiginfjárlutfall	Skuldir/ rekstrartekjur	(Skuldir- veltufjárm.) /tekjur	Skuldir á íbúa	Afkoma/ tekjur	Veltufé/ tekjur	Veltufjórhlutfall	Nettó fjárfestingar á íbúa	Útgjöld á íbúa	Samtals
 Akranes	9	10	10	10	12	3	9	8	9	80
 Seltjarnarnes	12	12	12	12	2	1	11	3	6	71
 Garðabær	10	11	11	11	4	4	6	5	7	69
 Vestmannaeyjar	11	8	8	7	8	8	12	2	2	66
 Kópavogur	5	4	4	9	6	7	1	12	11	59
 Akureyri	7	9	9	5	5	5	8	6	3	57
 Mosfellsbær	4	7	7	8	7	2	5	10	5	55
 Fjarðabyggð	6	5	5	3	10	11	4	9	1	54
 Árborg	3	6	6	6	1	6	3	11	8	50
 Reykjanes	1	1	1	1	11	12	10	1	12	50
 Reykjavík	8	2	2	2	9	10	7	4	4	48
 Hafnarfjörður	2	3	3	4	3	9	2	7	10	43


# Eiginfjárlutfall

## Samstæðureikningur




# Heildarskuldir og skuldbindingar í hlutfalli við rekstartekjur

Samstæðureikningur




# Skuldir og skuldbindingar að frádregnum veltufjármunum í hlutfalli við tekjur

## Samstæðureikningur




# Skuldir og skuldbindingar á íbúa

## Samstæðureikningur



# Hlutfall afkomu af tekjum


## A-hluti






# Veltufé frá rekstri í hlutfalli við tekjur

## Samstæðureikningur




# Veltufjárhlutfall

## Samstæðureikningur




# Nettó fjárfestingar á íbúa

A-hluti



# Útgjöld á íbúa

## A-hluti



## Skilgreiningar

**Eiginfjárlutfall:** Gefur það mynd af hreinni eignastöðu sveitarfélaganna. Því hærra sem eiginfjárlutfallið er því hærra er hlutfall eru eignir af skuldum

**Heildarskuldir/rekstrartekjur:** Með því að finna hversu hátt hlutfall heildarskuldir sveitarfélags er af árlegum rekstrartekjum má meta sjálfbærni skuldsetningar. Því hærra sem hlutfallið er því meiri byrði má ætla að skuldirnar séu til lengri tíma.

**Skuldir að frádregnum veltufjármunum í hlutfalli við tekjur:** Með því að draga veltufjármuni frá skuldum má leiðrétta fyrir því ef sveitarfélög eiga mikið af kvikum eignum sem geta komið til niðurgreiðslu skulda með skömmum fyrirvara.

**Afkoma/tekjur** sýnir hve endanlega afkoma þegar búið að er að greiða af lánum og reikna afskriftir er af heildartekjum sveitarfélagsins. Sveitarfélög sem eru mjög skuldsett geta þannig verið með mikla EBITDA framlegð en vegna skuldsetningar laka afkomu.

**Skuldir á íbúa:** Því meiri sem skuldir sveitarfélags eru á íbúa því meiri er bakábyrgð hvers skattgreiðanda í sveitarfélagin. Skuldsettari sveitarfélög bera að jafnaði meiri fjármagnskostnað og fer þ.a.l. stærri hluti tekna í að þjónusta skuldir fremur en í þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

**Veltufé/tekjur:** Veltufé frá rekstri er það sem eftir stendur af tekjum sveitarfélaga þegar búið að er greiða alla reikninga sem tengjast daglegum rekstri. Er það því það fjármagn sem sveitarfélagið hefur til aflögu til að greiðar afborganir af lánum og til að leggja í nýfjárfestingar. Því hærra sem hlutfall veltufjár af heildartekjum er því auðveldara á sveitarfélagið með að standa undir skuldbindingum sínum.

**Veltufjárlutfall:** veltufjármunir eru eignir sem áætlað er að hægt sé að breyta í lausafé á innan við einu ári og skammtímaskuldir þær skuldir sem eru á gjalddaga næsta árið. Æskilegt er að hlutfall veltufjármuna af skammtímaskuldum sé hærra en 1 en því hærra sem það er því betri er lausafjárstaða sveitarfélagsins.

**EBITDA framlegð:** annar mælikvarði á rekstrarhæfi er hlutfall hagnaðar fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) af heildartekjum. Er það mælikvarði á rekstrarárangur og sýnir hversu mikið af hagnaði félagsins stendur eftir þegar greitt hefur verið fyrir daglegan rekstur.

**Útgjöld á íbúa:** Öll sveitarfélög þurfa að sinna ákveðinni grunnþjónustu fyrir íbúa. Mikil útgjöld á hvern íbúa geta verið til marks um rekstraróhagræði eða það að sveitarfélög séu að sinna verkefnum utan þeirra verksviðs. Slík útpensla er á kostnað skattgreiðenda í sveitarfélaginu.